



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 23. janúar 2020
SFS2018080035
178. fundur
HG/et

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi ráðningar á skóla- og frístundasviði

Á 177. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. janúar 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi þess að ekki tókst að fullmanna allar stöður í leik- og grunnskólum ásamt frístundaheimilum fyrir áramót er óskað eftir að fá stöðu ráðninga inn á næsta fund ráðsins.

Svar:

Meðfylgjandi er minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. janúar 2020, um stöðu ráðninga á skóla- og frístundasviði.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 15. – 17. janúar 2020

Dagana 15. til 17. janúar 2020 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Samkvæmt svörum þeirra á eftir að ráða í 17,35 grunnstöðugildi í leikskólum, 12,3 stöðugildi í grunnskólum og 22 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Svör bárust frá öllum.

Í leikskóla á eftir að ráða í 17,35 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun¹. Þess ber að geta að nú í haust jókst starfsmannþörf um 34 stöðugildi miðað við síðasta ár þar sem leikskólarýmum fjölgaði um 66 í viðbótarhúsum við fjóra leikskóla (14 stöðugildi) og barngildi 5 ára barna breyttust úr 0,9 í 1 (20 stöðugildi). Þegar miðað er við starfsmannafjölda leikskólanna í maí á þessu ári er búið að ráða í 98,9% stöðugilda.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 12,25 stöðugildi. Þess ber að geta að nú í haust var áætluð aukin starfsmannþörf um 18 stöðugildi vegna fjölgunar nemenda. Þegar miðað er við starfsmannafjölda grunnskólanna í maí 2019 er búið að ráða í 99,4% stöðugilda.

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 22 stöðugildi. Þegar miðað er við starfsmannafjölda frístundaheimila/sértækra félagsmiðstöðva í maí 2019 er búið að ráða í 95,3% stöðugilda.

¹Auk þeirra 17,35 stöðugildia sem á eftir að ráða í leikskóla nú í janúar miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 3,95 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 5,15 stöðugildi í veikindaafleysingar og 1,5 í önnur störf, samtals 10,6 stöðugildi.

Í meðfylgjandi töflu er staðan í ráðningum skipt eftir starfssemi og borgarhlutum.

Staða ráðninga 15 til 17. janúar
2020

Stöðugildi sem ráða þarf í	Árbær- Grafarholt	Breiðholt	Grafarvogur- Kjalarnes	Laugardalur- Háaleiti	Miðborg- Hlíðar/Vesturbær	Alls
Leikskólar	1,5	3,5	2,0	7,1	3,25	17,35
Grunnskóla	3,0	1,75	3,0	1,5	3,0	12,25
Fristundaheimili/sérstæk félagsmiðstöð	4,5	5,0	3,0	6,0	4,0	22,0
<i>Fjöldi stm í fríst.starfi</i>	9	7	6	18	9	49

Leikskólar


Í leikskólana á eftir að ráða í 17,35 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þeirra barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss. Þessi stöðugildi skiptast svo á starfsheiti: 1 stöðugildi aðstoðarleikskólastjóra, 5 stöðugildi deildarstjóra, 1,5 stöðugildi leikskólakennara/starfsfólks á deild, 1,75 stöðugildi sérkennslustjóra og 8,1 stöðugildi í stuðning.

Auk þeirra 17,35 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í janúar miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 3,95 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 5,15 stöðugildi í veikindaafleysingar og 1,5 í önnur störf, samtals 10,6 stöðugildi.

Eins og fram hefur komið fjölgaði stöðugildum í leikskólum um 34 í haust vegna stækkunar leikskóla og breytinga á barngildum.

Í stöðumati frá 18. nóvember 2019 átti eftir að ráða í 25,5 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vegna þeirra barna sem eru í vistun og/eða hefur verið boðið pláss.

Hlutfall mönnunar í leikskólum skólaárin 2018/19 og 2019/20




Í janúar 2020 er búið að ráða í 98,9% stöðugilda í leikskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í stöðumati frá 12. nóvember 2018 var búið að ráða í 97,9% stöðugilda og í stöðumati frá 18. nóvember 2019 var búið að ráða í 98,4% stöðugilda í leikskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Engar mælingar voru gerðar í janúar 2019 og því ekki til samanburður við mælinguna núna.

Grunnskólar

Í grunnskólana á eftir að ráða í 12,25 stöðugildi, þar af 1 deildarstjóra, 6,5 stöðugildi kennara, 0,75 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 1 stöðugildi skólaliða, 1 stöðugildi þroskaþjálfara, 1 stöðugildi í mötuneyti og 1 húsvörð.

Þess má geta að samkvæmt tölum um nemendafjölda 1. október 2019 eru 135 fleiri nemendur núna en á síðasta ári sem eykur starfsmannþörf um u.þ.b. 18 stöðugildi.

Í stöðumati frá 18. nóvember 2019 vantaði í grunnskólana 14,55 stöðugildi, þar af 6,4 stöðugildi kennara, 3,15 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 3 stöðugildi skólaliða, 1 stöðugildi þroskaþjálfara og 1 stöðugildi í mötuneyti.




Í janúar 2020 er búið að ráða í 99,4% stöðugilda í grunnskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í stöðumati frá 12. nóvember 2018 var búið að ráða í 99,1% stöðugilda og í stöðumati frá 18. nóvember 2019 var búið að ráða í 99,3% stöðugilda í grunnskólum ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Engar mælingar voru gerðar í janúar 2019 og því ekki til samanburður við mælinguna núna.

Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar vantar 49 starfsmenn í 22 stöðugildi. Af 22 stöðugildum í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum sem þarf að ráða í eru 6 stöðugildi með fötludum börnum og ungmennum og eru það 18 starfsmenn.

Í stöðumati frá 18. nóvember 2019 vantaði í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar 25 starfsmenn í 8,4 stöðugildi.

Hlutfall mönnunar í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum skólaárin 2018/19 og 2019/20



Í janúar 2020 er búið að ráða í 95,3% stöðugilda í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Í stöðumati frá 12. nóvember 2018 var búið að ráða í 94% stöðugilda og í stöðumati frá 18. nóvember 2019 var búið að ráða í 98,2% stöðugilda í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar ef miðað er við heildarfjölda stöðugilda í maí 2019. Engar mælingar voru gerðar í janúar 2019 og því ekki til samanburður við mælinguna núna.

Það vantar fleiri starfsmenn í frístundaheimili í janúar 2020 heldur en í nóvember 2019 vegna þess að starfsmannavelta frístundaheimilanna er mikil, allt að 45%, og um áramót er hún einna mest m.a. vegna þess að margir starfsmenn eru í háskólanámi og breytingar í námi þeirra um áramót.